

# Íslenska æskulýðsrannsóknin 2024

## Yfirlit rannsókna og kynningar

### Efnisþættir könnunar:

- Menntun
- Heilsa og vellíðan
- Öryggi og vernd
- Þátttaka og félagsleg tengsl
- Lífsgæði og félagsleg staða

### Efnisþættir kynningar:

- Viðhorf til náms og heimanám
- Lestur
- Traust
- Líðan í skóla og heima
- Athafnir utan skóla



# Viðhorf til náms og heimanám

Byrjar heimafyrir

Hvernig er talað um skólann heima?



Hvernig er rætt um nám, ástundun og árangur?

Mikilvægt að vera hvetjandi og styðjandi

Sýnið áhuga




# Þau sem eru mjög sammála eða sammála að það sé mikilvægt að leggja sig fram við námið



Aukið orðræðuna um að það sé **mikilvægt að leggja sig fram**, hvort sem það er í skóla eða tómstundum. Ræðið uppbyggjandi um skólann og námið. **Sýnið að ykkur sé ekki sama** og að það eigi að bera virðingu fyrir námi og skólastofnuninni sem slíkri.

# Þau sem telja sig verða fyrir nokkru eða miklu álagi vegna skólanámsins


Verða fyrir miklu álagi í skóla



Hvað veldur að stúlkurnar eru töluvert yfir meðaltölum? Eru þær að setja of miklar kröfur á sig? Er skólinn eða heimilið að krefjast of mikils sem þær túlki sem álag?

Ekki er mikil krafa af hálfu skólans varðandi heimanám, annað en að það á að lesa heima til að viðhalda þjálfun og svo þarf jú vissulega að vinna upp þegar ekki næst að klára það í skóla, eða vegna veikinda eða leyfis.



# Þau sem segjast alltaf eða oftast geta verið í ró og næði heima þegar þarf að vinna heimavinnu



Mikilvægt er að huga að næðissvæði/tíma heima fyrir til að krakkarnir geti sinnt heimanámi þegar það er.

[Það gefur líka skilaboð um að nám er mikilvægt.](#)

# Þau sem segja alltaf eða oftast geta fengið einhvern á heimilinu til að aðstoða með heimanám



Erum örlítið undir meðaltölum, þarf að skoða með skólanum hvernig hægt sé að bregðast við.

Ekki er mikil heimanámskrafta af hálfu skólans.

Gætið að orðræðu um heimanámið, látið barnið ekki finna/heyra að þið getið ekki aðstoðað. Reynið að finna út úr því saman, notið netið til að hjálpa ykkur, skoðið námsbækurnar og umfram allt, gefið ykkur tíma.

# Lestur



## Lestrarþjálfun þarf að gerast heima

Mikilvægt er að börn og unglingar lesi reglulega heima



## Unglingar eiga líka að lesa heima

Lestur er jafn mikilvægur á unglingastigi



## Foreldrar eru fyrirmyndir

Sýnið lestri áhuga og ræðið um lesefni



## Fjölbreytt lesefni

Hafið fjölbreytt lesefni í boði og sýnilegt



## Lesefni á móðurmálinu

Styrkir tungumálakunnáttu og tengingu við menningu



## Efni á glærum

Næstu glærur sýna viðhorf og tíðni lestrar hjá krökkunum. Ekki er spurt sérstaklega hvort efnið sé á íslensku.




## Tækifæri


Þetta gefur ykkur tækifæri til að ræða við krakkana um fjölbreyttan lestur, í skóla og frítíma og gera lestur áhugaverðan.

# Þau sem segja að það sé mjög skemmtilegt eða frekar skemmtilegt að lesa sjálfvalið efni í frítíma eða lesa í skólanum

Frítími




Skóli




Það eru öðruvísi spurningar fyrir yngri hópinn, spurt er um lestur í frítíma og lestur í skóla og hvort skemmtilegt sé að lesa, en ekkert flokkað niður eftir lesefnisflokkum. Hér hafið þið tækifæri til að bæta í, á báðum stöðum.


### Lesi skáldsögur




### Lesi fræðslubækur



### Lesi fréttamiðla



### Lesi myndasögur



■ Strákar ■ Stelpur

Strákar eru hrifnastir af fræðslubókum og svo myndasögum en stelpur hrifnastar af skáldsögum og svo fréttamiðlum.

Þessi flokkun gefur ykkur kannski tilefni til frekari umræðu um lestur og efni heimavið.

# Traust

Í skólastarfi er mikið um gagnvirk tengsl sem byggja á trausti.

Góðvild,  
áreiðanleiki,  
hæfni,  
heiðarleiki,  
hreinskilni  
skipta máli

Kemur ekki  
að sjálfu sér,  
þarf að  
ávinna sér  
traust

Mikilvægur  
þáttur í  
skólastarfi

Traust þarf  
að ríkja  
heimafyrir

## Hvað er traust?

Það byggir á vilja einstaklings gagnvart því að hafa trú á að annar aðili sé velviljaður, heiðarlegur, opinn, áreiðanlegur og hæfur.


## Ábyrgð og traust

Með hækkandi aldri krakkana leggjum við meiri ábyrgð á þau og gefum þeim til kynna að við treystum þeim.

## Samtal um traust



Ræðið heima um traust. Gefið ykkur tíma í samtal við krakkana, þegar þau sjá og finna ykkar áhuga, eru meiri líkur að þau leiti til ykkar þegar eitthvað bjáti á.

# Þau sem eru mjög sammála eða sammála því að þau treysti kennurunum sínum



- Hér má gera betur, þetta er áhyggjuefni.
- Hvað veldur? Helst þetta í hendur við viðhorf til náms? Eða umræður sem börnin heyra utan skóla?
- Ef þið eruð ekki sátt við skólann/starfsfólk, talið þá ekki um það í eyru barnanna, heyrið frekar í þeim í skólanum og ræðið málin þar.
- Það getur skapað togstreitu fyrir krakkana ef þau finna að foreldrar eru ekki sátt við kennarann eða skólann.

# Þau sem svara því játandi að þau hafi einhvern fullorðinn starfsmann í skólanum sem þeim finnst gott að tala við þegar þau hafa áhyggjur eða líði illa





Þessi spurning á við um allt starfsfólks skólans.

Með hækkandi aldri er fleiri sem telja að þau ekki hafa neinn í skólanum til að tala við um áhyggjur eða vanlíðan.

Sýnið **áhuga, góðvild, traust og verið með virka hlustun** = eykur traust krakkanna til ykkar.

Tölum um tilfinningar heima og í skóla. Aukin samræða eykur traust og auðveldara er að leita til okkar fullorðna fólksins þegar eitthvað þjatar á.

# Þau sem eru mjög sammála eða sammála að þau geti talað við foreldra eða annan fullorðinn heima – þau fá stuðning og hjálp sem þarf



Ef krakkarnir hafa engan heldur heimavið til að tala við þegar þeim líður illa eða þurfa stuðning og hjálp, við hvern tala þau þá?

Aukin samvera foreldra og barna styrkir tengslin. Sýnið virka hlustun, sýnið áhuga, ekki vera dæmandi og of stjórnsöm.

# Líðan í skóla og heima

Hér verður stiklað aðeins á stóru:

## Heilsa

Mörg meta heilsu sína góða, þrátt fyrir að upplifa kvíða, magaverk, höfuðverk, einmanaleika og þreytu.

## Svefn og þreyta

Krakkarnir hér eru mörg þreytt og alltof mörg fara of seint að sofa, sérstaklega eldri hópurinn.



## Vinnufriður

Gera má betur í kennslustofum varðandi vinnufrið.

## Félagsleg tengsl



Þau telja sig næstum öll eiga vini en mörg upplifa sig samt einmana og utangarðs.

# Þau sem segja að heilsa þeirra sé mjög.góð eða góð





Þau sem svara að þau hafi átt erfitt með að sofna (h.u.b. daglega, oftar en einu sinni í viku eða u.þ.b. vikulega) á sl. 6 mán.

Sofna



# Þau sem svara því að þeim finnist þau oft þreytt í skólanum



Strákar  
Stelpur

Hér er mikill munur milli stráka og stelpna: **strákar upplifa sig ekki eins þreytta og stelpur.**

Þekkt úr rannsóknum að strákar/karlar upplifa minni þreytu en stúlkur/konur.

# Þau sem eru þreytt í skólanum flesta daga eða næstum alla daga

Svefnvenjur og vellíðan í skóla tengjast beint:



## Ófullnægjandi svefn

Of seint að fara að sofa fyrir skóladag





## Þreyta í skólanum

Nemendur upplifa þreytu flesta daga eða næstum alla daga



## Lausnir

Skoðið kvöldrúttínuna heima fyrir, hvenær eruð þið sjálf að fara að sofa? Þið eruð fyrirmyndirnar. Setjið jafnvel tækjareglur (gilda fyrir alla á heimili). Meiri og betri svefn = aukin vellíðan. Aflið ykkur upplýsinga um mikilvægi svefns, t.d. á Heilsuveru.




# Þau sem segjast fara að sofa eftir miðnætti þegar það er skóli daginn eftir

Hér þurfið þið foreldrar að stíga inní! Það er **ekki í lagi** að fara að sofa eftir miðnætti á skóladögum. Börnin þurfa að vera vel úthvöld og tilbúin í daginn.



Börn á aldrinum 6 til 12 ára þurfa a.m.k. 10 klst. svefn á nóttu.

Svefnþörf unglunga 8-10 klst. á nóttu, er einstaklingsbundin.

Algengt er að svefnþörf unglunga aukist um klukkustund á nóttu frá því sem var þegar þeir voru yngri. Talið er að þetta gerist vegna aukins álags sem fylgir kynþroskaátímabilinu.





# Þau sem svara að það sé mjög gaman eða frekar gaman í skólanum




Strákar  
Stelpur


# Þau sem svara að þeim líði mjög vel eða frekar vel í kennslustundum



## Þau sem svara oft að það sé truflandi hávaði í kennslustofunni





## Þau sem svara alltaf eða oft að þau upplifi vinnufrið í kennslustofunni



Hér þurfa skólinn og foreldrar að hjálpast að: setja mörk, skýrar og einfaldar afleiðingar, auka virðingu fyrir námi.




# Þau sem eru mjög sammála eða sammála því að þau séu utangarðs eða skilin útundan í skólanum



Hér þurfum við að finna lausnir!



## Þau sem hafa alltaf eða oft orðið einmana sl. skólaár

Þau sem eru mjög sammála eða sammála því að þau séu einmana í skólanum



Hér þurfum við að skoða hvað veldur - ræðið endilega heima um það að vera einmana og hvað sé hægt að gera.

# Þau sem segjast eiga einn eða fleiri góða vini/vinkonur



Virkilega áhugaverðar niðurstöður, í ljósi þess hve mörg upplifa sig einmana og utangarðs.

# Athafnir utan skóla



## Skipulagt íþróttastarf

Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi er töluverð meðal nemenda



## Listnám

Listnám skiptir máli í lífi margra nemenda



## Félagsmiðstöðvar

Þátttaka í starfi félagsmiðstöðvar er mjög góð




## Sjálfböðaliðastarf

Lítið framboð var á sjálfböðaliðastarfi fyrir ungt fólk þegar könnun fór fram


**Athugið:** Óskipulagðar athafnir – hverjar og hvar? – var ekki spurt um í rannsókninni

# Þau sem segjast taka þátt í einhverju skipulögðu íþróttastarfi

4. og 5. bekkur





6.-10. bekkur



## Þau sem segjast stunda listnám af einhverju tagi

## Þau sem merkja við að þau taki þátt í starfi félagsmiðstöðvar



# Niðurstöður rýnifunds kennara



## Styrkleikar skólans

Skólinn er **vináttusamfélag**, býður uppá **jákvætt námsumhverfi** með **sveigjanlegu starfsfólki**. Leggja þarf áherslu á styrkleika og lausnamiðaða hugsun, fjölbreytileika og umburðarlyndi.



## Áhyggjuefni

Áhyggjur af námsárangri og námsánægju stráka, svefnvenjum og brottfalli úr tómstundum, skorti á trausti og félagslegum samskiptum og álagi á starfsfólk.



## Tækifæri til úrbóta

Stuðla þarf að **enn betri skólabrag** og **vinnufrið**, efla **traust**, vinna með **sjálfsmynd** og **samskipti**, **taka betur á eineltismálum**, auka **nemendalýðræði** og efla **lestraránægju**.



## Tækifæri

Tækifæri í **aukinni samvinnu** á alla vegu, **bættari samskiptum** innan skóla og utan og **jákvæðu umtali** um gott skólastarf.

# HÓPAVINNA – HVAÐ GETA FORELDRAR GERT?

Viðhorf til náms, heimanám og lestur · Líðan í skóla og heima · Samskipti heimilis og skóla · Athafnir utan skóla



Hvað gerum við gott sem foreldrar?



Hvað getum við gert betur og hvernig?



Hvar eru tækifærin okkar?



Hvað getur skólinn gert betur, viðbót við punkta frá skólanum?



Hvað getur samfélagið gert betur?